

Föstudagurinn 20. desember 1996 kl. 13:30

84. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 40/1996

**Stjórnarkjör í Olíuverslun Íslands hf. sbr. skilyrði I 2
í ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 23/1995**

I.

Málavextir

1.

Með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 11/1996 var ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 30/1996 um setu Ólafs Ólafssonar, forstjóra Samskipa, og Kristins Hallgrímssonar hrl. í stjórn Olíuverslunar Íslands, felld úr gildi. Var ákvörðunin felld úr gildi á þeim forsendum að ákvörðunarorð í ákvörðun ráðsins nr. 23/1995, sem ákvörðun nr. 30/1996 byggðist á, hafi verið of matskennd til þess að fullnægja þeim meginsjónarmiðum sem gildi um íþyngjandi úrlausnir á sviði stjórnsýslu.

Jafnframt segir í úrskurðinum að Samkeppnisráð geti ávallt tekið nýja ákvörðun telji það í ljósi reynslu eða af öðrum orsökum að bæta þurfi úr eða auka þurfi við ákvörðun sem fyrir liggur. Með bréfi, dags. 21. október 1996, tilkynnti Samkeppnisráð aðilum málsins að ráðið hygðist skýra frekar skilyrðin sem sett voru í tölulið I 2 í ákvörðunarorðum ákvörðunar nr. 23/1995, og ákvörðun nr. 30/1996 byggðist á. Var aðilum gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum um þetta.

2.

Athugasemdir Jóns Finnssonar hrl., f.h. Olúfélagsins hf., bárust með bréfi, dags. 11. desember 1996. Í bréfinu kemur fram að lögmaðurinn telur úrskurð áfrýjunarnefndarinnar fela í sér ábendingu til samkeppnisyfirvalda um að taka nýja ákvörðun um þá þætti ákvörðunar nr. 23/1995 sem deilt er um, þ.e. skilyrðin í I 2. Óhjákvæmilegt sé fyrir Samkeppnisráð að taka aftur upp og skilgreina skilyrðin í I 2. Lögmaðurinn bendir á að allar ákvarðanir

samkeppnisyrivalda verði að taka mið af meðalhófsreglu 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Ákvörðun nr. 23/1995 og túlkun skilyrða hennar hafi sett Olúfélaginu hf. óþarflega þröngar skorður, sbr. 12. gr. stjórnisýslulaga.

Þá segir í bréfinu að ekki sé réttmætt að leggja beina og óbeina eign að jöfnu, eins og gert hafi verið í ákvörðun nr. 30/1996, nema í vissum tilvikum. Bein eign Olúfélagsins hf. í Samskipum hf. sé langt innan við 1% en afleidd eða óbein eign sé 5,5%. Olúfélagið hafi áður farið fram á að 1% markið yrði hækkað í 10%. Lögmanninginum sýnist óraunhæft að miða við 1% eignaraðild eins og gert sé í skilyrði I 2 í ákvörðun nr. 23/1995 nema eitthvað annað og fleira en 1% eign komi til sem geri tengslin á milli félaga nánari.

3.

Eins og áður segir bendir áfrýjunarnefnd samkeppnismála á það í úrskurði sínum að samkeppnisyrivöld geti ávallt tekið nýja ákvörðun telji þau í ljósi reynslu eða af öðrum orsökum að bæta þurfi úr eða auka við ákvörðun sem fyrir liggur. Með hliðsjón af umræddum úrskurði áfrýjunarnefndarinnar telur Samkeppnisráð nauðsynlegt að gera gleggri grein fyrir því hvað átt sé við með 1% eign í skilyrði I 2 í ákvörðunarorðum ákvörðunar nr. 23/1995 og útskýra nánar hverjir geti talist verulega háðir Olúfélaginu hf. eða í svo nánnum tengslum við það að líta verði svo á að þeim sé óheimilt að sitja í stjórn Olúverslunar Íslands hf.

Skilyrði I 2 í ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 23/1995 hljóðar svo:

„Stjórnarmenn og starfsmenn Olúfélagsins hf. eða þeir sem í störfum sínum eru verulega háðir Olúfélaginu hf. og stjórnarmenn eða starfsmenn dótturfélaga, stjórnarmenn og starfsmenn félaga sem Olúfélagið hf. á meira en 1% hlut í svo og stjórnarmenn og starfsmenn félaga sem eiga meira en 1% hlut í Olúfélaginu hf. skulu ekki sitja í stjórn Olúverslunar Íslands hf.“

Skilyrði I 2 hefur þann tilgang að tryggja að Olúverslun Íslands hf. og Olúfélagið hf. starfi óháð hvort öðru og keppi á smásölumarkaðnum fyrir brennsluolíur. Ber að skýra skilyrðið í þessu ljósi. Kjarni málsins er að í stjórn Olúverslunar Íslands hf. sitji ekki menn sem eru á einn eða annan hátt háðir Olúfélaginu hf. Í því sambandi skapar bein eign og afleidd eign Olúfélagsins hf. í fyrirtækjum er tengjast Olúverslun Íslands hf. sömu hættu á

samkeppnishamlandi áhrifum. Í þessu sambandi verður einnig að horfa til þess að olúmarkaðurinn hér á landi er fákeppnismarkaður. Með hliðsjón af framangreindu þykir mega skýra skilyrði I 2 í ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 23/1995 þannig, að með 1% eign í skilyrðinu sé átt við 1% beina eign eða 10% óbeina eða afleidda eign. Hins vegar þykir mega leggja beina eign og óbeina eign að jöfnu þegar um stjórnunarleg tengsl þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga er að ræða. Þannig geti fyrirtæki sem Olúfélagið hf. á meira en 1% afleidda eign í eða sem á meira en 1% afleidda eign í Olúfélaginu hf. fallið undir skilyrði I 2, ef um stjórnunarleg tengsl milli viðkomandi fyrirtækis og Olúfélagsins hf. er að ræða.

Í skilyrði I 2 segir einnig að auk stjórnar- og starfsmanna skuli þeir sem eru verulega háðir Olúfélaginu hf. ekki sitja í stjórn Olúverslunar Íslands hf. Að mati Samkeppnisráðs verða þeir sem tengjast Olúfélaginu hf. með eftirfarandi hætti að teljast verulega háðir félaginu eða í svo nánnum tengslum við það að líta verði svo á að þeim sé óheimilt að sitja í stjórn Olúverslunar Íslands hf.: Lögmenn félagsins, eða þeir sem sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða lögfræðilegum ráðgjafarstörfum fyrir Olúfélagið hf., og endurskoðendur, þ.e. þeir sem fást við endurskoðun reikningsskila félagsins og annarra fjárhagsupplýsinga auk þeirra sem veita félaginu reglubundið ráðgjöf á þessu sviði. Einnig skulu þeir sem í þrjú ár hafa átt 20% af veltu sinni undir Olúfélaginu hf. teljast verulega háðir félaginu og óheimilt að sitja í stjórn Olúverslunar Íslands hf.

II.

Ákvörðunarorð:

„Skilyrði I 2 í ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 23/1995 orðist svo eftir að Samkeppnisráð hefur skýrt það og fyllt með ákvörðun þessari:

„Stjórnarmenn og starfsmenn Olúfélagsins hf. og dótturfélaga þess eða þeir sem í störfum sínum eru verulega háðir Olúfélaginu hf. skulu ekki sitja í stjórn Olúverslunar Íslands hf. Lögmenn Olúfélagsins hf, eða þeir sem sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða lögfræðilegum ráðgjafarstöfum fyrir félagið, og endurskoðendur þess, þ.e. þeir sem fást við endurskoðun reikningsskila félagsins og annarra fjárhagsupplýsinga, auk þeirra sem veita félaginu reglubundið ráðgjöf á þessu sviði teljast

verulega háðir Olíufélaginu hf. Einnig skulu þeir sem í þrjú ár hafa átt 20% af veltu sinni undir Olíufélaginu hf. teljast verulega háðir félaginu og óheimilt að sitja í stjórn Olíuverslunar Íslands hf.

Auk þess skulu stjórnarmenn eða starfsmenn félaga sem Olíufélagið hf. á meira en 1% beina eign eða 10% óbeina eða afleidda eign í, svo og stjórnarmenn og starfsmenn félaga sem eiga meira en 1% beina eign eða 10% óbeina eign í Olíufélaginu hf., ekki sitja í stjórn Olíuverslunar Íslands hf. Sé um stjórnunartengsl að ræða milli viðkomandi fyrirtækja skulu stjórnarmenn eða starfsmenn félaga sem Olíufélagið hf. á meira en 1% óbeina eign í, svo og stjórnarmenn og starfsmenn félaga sem eiga meira en 1% óbeina eign í Olíufélaginu hf. ekki sitja í stjórn Olíuverslunar Íslands hf.“

Samkeppnisráð beinir þeim fyrirætlum til Olíufélagsins hf. og Hydro Texaco A/S að félögin sjái til þess að stjórn Olíuverslunar Íslands hf. verði skipuð einstaklingum sem uppfylla skilyrði ákvörðunar nr. 23/1995, eins og þau hafa verið skýrð með ákvörðun þessari, fyrir 1. apríl 1997.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 2/1997](#)]